

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 19. maí 2010 staðfest aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag eftirtalinna sveitarfélaga, með áorðnum breytingum: Aðalskipulag Leirár- og Melahrepps 2002-2014 frá 15. ágúst 2007, aðalskipulag Skilmannahrepps 2002-2014 frá 15. ágúst 2007, aðalskipulag Hvalfjarðarstrandahrepps 2002-2014 frá 18. maí 2006 og aðalskipulag Innri-Akraneshrepps 2002-2014 frá 18. maí 2006.

Umhverfisráðuneytinu, 19. maí 2010.

Svandís Svavarsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

B-deild – Útgáfud.: 2. júní 2010